



Vinnuvélatrygging húftrygging

Vátryggingarskilmálar nr. EE50

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. BK50.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga frammar ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga frammar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggður og meðvátryggðir
3. Vátryggingin gildir
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Varúðarreglur
7. Brot á varúðarreglum
8. Samsömun
9. Greiðsla iðgjalds
10. Endurgreiðsla iðgjalds
11. Eigendaskipti á vinnuvél eða afskráning hennar
12. Vátryggingarverðmæti
13. Eigin áhætta
14. Bætur fyrir algert tjón
15. Bætur fyrir tjón að hluta
16. Undirtrygging
17. Framsal
18. Tvítrygging
19. Fyrning

1. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin gildir fyrir þá vinnuvél sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Vátryggður og meðvátryggðir

- 2.1 Eigandi vinnuvélar er vátryggður.
- 2.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í vinnuvélinni eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðvátryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en vátryggður, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

3. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á Íslandi.

4. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

- 4.1 Beint tjón á hinu vátryggða af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks.

Vátryggingin bætir ekki:

- 4.2 Tjón sem orsakast af snöggum hita og/eða raka-breytingum.
- 4.3 Skemmdir af sliti, göllum í smíði eða gerð, rangri samsetningu, broti eða annarri bilun í eða á vinnuvélinni.
- 4.4 Skemmdir á málningu eða rispúr á húsi eða hlífum vinnuvélarinnar sem eðlilegar mega teljast vegna notkunar vinnuvélarinnar.
- 4.5 Brot eða skemmdir á ljóskerum eingöngu.
- 4.6 Skemmdir á rafmagnsleiðslum, mælum eða rafgeymum vegna skammhlaups sem ekki veldur eldsvoða.
- 4.7 Þjófnað á einstökum hlutum vinnuvélarinnar.
- 4.8 Tap eða tjón sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta, af áhrifum tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þessa hvoru tveggja.

Undanþága þessi á við um allar tímaskráningar.

Með "tímaskráningu" er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tilgreiningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þessa hvoru tveggja.

Með "búnaði" er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og aðra áþreifanlega hluti eða safn hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t. en þó ekki takmarkað við, vélbúnað tölva, hugbúnað eða samþætt rafeindakerfi (þ.m.t. örgjörvar og kísilflogur).

Með "kerfi" er átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þeirra, hvers konar miðla fyrir upplýsingar og fyrirmæli á tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða á öðru óáþreifanlegu eða áþreifanlegu formi.



Undanþága þessi nær ekki til tjóns sem stafar af bruna, sprengingu, hrapí, innbroti, þjófnaði eða vatnsskaða.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.2 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Varúðarreglur

- 6.1 Stjórnandi hinnar vátryggðu vinnuvélar skal hafa þau réttindi og kunnáttu sem krafist er til þess að stjórna henni.
- 6.2 Stjórnandi vinnuvélarinnar skal ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna við notkun vinnuvélarinnar.
- 6.3 Vinnuvélin skal vera læst þegar enginn er í henni og geyma skal lykla á öruggum stað.
- 6.4 Vátryggður skal viðhalda vinnuvél í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar framleiðanda.
- 6.5 Vátryggður skal fara eftir fyrirmælum framleiðanda um notkun vinnuvélarinnar.
- 6.6 Vátryggður skal fara eftir opinberum fyrirmælum um skoðun vinnuvélarinnar og sjá til þess að hún uppfylli kröfur um gerð og búnað á hverjum tíma.
- 6.7 Vátryggður skal gæta þess að ávallt sé nægjanlegur frostlögur í kælivatni vélarinnar.
- 6.8 Stjórnandi hinnar vátryggðu vinnuvélar skal fara eftir tilmælum almannavarnanefnda eða annarra opinberra aðila vegna yfirvofandi náttúruhamfara.

7. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Samsömun

Félagið getur borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs og stjórnanda hinnar vátryggðu vinnuvélar.

9. Greiðsla iðgjalds

- 9.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist.
- 9.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

10. Endurgreiðsla iðgjalds

- 10.1 Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.
- 10.2 Skammtímatryggingar eru með öllu undanskildar endurgreiðsluákvæði gr. 10.1.

11. Eigendaskipti á vinnuvél eða afskráning hennar

Ef eigendaskipti verða að hinni vátryggðu vinnuvél, eða hún er afskráð, fellur vátryggingin úr gildi þegar eigendaskipti eða afskráning hefur átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi eigandi hefur ekki sjálfur tekið vátryggingu.

12. Vátryggingarfjárhæð

- 12.1 Vátryggingarfjárhæð nemur fjárhæð þeirri er kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 12.2 Upphæð vátryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna vátryggðu hagsmuna.
- 12.3 Vátryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu.

13. Eigin áhætta

- 13.1 Af hverju tjóni ber vátryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 13.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið heldur ekki kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.
- 13.3 Eigin áhætta breytist við endurnýjun vátryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu.



14. Bætur fyrir algert tjón

14.1 Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón ef:

14.1.1 Vinnuvélin verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið áljútur ekki borga sig að gera við hana.

14.1.2 Vinnuvélinni er stolið og hún hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að félaginu var tilkynnt um atburðinn.

14.2 Verði algert tjón á vinnuvélinni ræður félagið hvort það greiðir váttryggingarverðmæti gegn afsali fyrir vinnuvélina eða mismun á váttryggingarverðmæti og verðmæti vinnuvélarinnar eftir váttryggingaratburð.

14.3 Váttryggingarverðmæti vinnuvélarinnar er sú upphæð sem sambærileg vinnuvél að tegund, aldri og gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi, miðað við staðgreiðsluviðskipti.

15. Bætur fyrir tjón að hluta

15.1 Skemmist vinnuvélin án þess að skilyrði 14. gr. séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera við vinnuvélina að svo miklu leyti sem unnt er, þannig að hún sé í sama eða svipuðu ástandi og fyrir tjón.

15.2 Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað hjá verkstæði sem félagið samþykkir eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað.

15.3 Hafi félagið samþykkt viðgerð á vinnuvél greiðir það flutningskostnað til verkstæðis sem það hefur samþykkt.

15.4 Félagið bætir ekki lækun á markaðsverði vinnuvélarinnar, óbeint tjón, svo sem

afnotamissi, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnað vegna sérpantana á varahlutum.

16. Undirtrygging

Sé heildarverðmæti vinnuvélarinnar meira en váttryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega.

17. Framsal

Váttryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt váttryggingarsamningnum.

18. Tvítrygging

18.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina váttryggingu getur váttryggður valið hvaða váttryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

18.2 Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 18.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

19. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er váttryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er váttryggingaratburður varð.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. maí 2009.